



ÁHÆTTUSTEFNA

Mars 2016

ÁHÆTTUSTEFNA - EFNISYFIRLIT

1	SKILGREINING Á ÁHÆTTU OG SKIPULAG	5
1.1	INNGANGUR	5
1.1.1	MARKMIÐ STEFNU	5
1.1.2	ÁBYRGARSVIÐ OG EFTIRLITSHLUTVERK	5
1.1.3	INN TAK STEFNU	5
1.2	SKILGREINING Á ÁHÆTTU	5
1.3	ÁHÆTTUFLOKKUN	5
1.4	SKIPULAG ÁHÆTTUSTÝRINGAR	7
1.4.1	SKIPURIT	7
1.4.2	STJÓRN	9
1.4.3	FRAMKVÆMDASTJÓRI	9
1.4.4	ÁHÆTTUSTJÓRI	10
1.4.5	FJÁRFESTINGARÁÐ OG SKIPULAG VIÐ FJÁRFESTINGAR	10
1.4.6	SKRIFSTOFUSTJÓRI	11
1.4.7	LÍFEYRISNEFND	11
1.4.8	REGLUVÖRÐUR	12
1.4.9	ENDURSKOÐUNARNEFND	12
1.4.10	INNRI ENDURSKOÐANDI	12
1.4.11	YTRI ENDURSKOÐANDI	12
1.5	MIKILVÆGI ÁHÆTTUSTÝRINGAR	13
1.6	SAMSPIL ÁHÆTTUSTEFNU OG FJÁRFESTINGARSTEFNU	13
1.7	AÐGREINING STARFA	13
1.8	ÚTTEKT OG ENDURMAT	14
1.9	BROT Á STEFNU	14
2	ÁHÆTTUFLOKKAR	15
2.1	LÍFEYRISTRYGGINGARÁHÆTTA	15
2.1.1	SKERÐINGARÁHÆTTA	15
2.1.2	IÐGJALDAÁHÆTTA	15
2.1.3	UMHVERFISÁHÆTTA / KREPPUÁHÆTTA	16
2.1.4	LÝÐFRÆÐILEG ÁHÆTTA	16
2.1.5	RÉTTINDAFLUTNINGSÁHÆTTA	16
2.1.6	LAUSAFJÁRÁHÆTTA	16

2.2	MÓTAÐILAÁHÆTTA	17
2.2.1	ÚTLÁNAÁHÆTTA	17
2.2.2	SAMÞJÖPPUNARÁHÆTTA	18
2.2.3	LANDSÁHÆTTA	18
2.2.4	AFHENDINGARÁHÆTTA OG UPPGJÖRSÁHÆTTA	19
2.3	FJÁRHAGSLEG ÁHÆTTA (MARKAÐSÁHÆTTA)	19
2.3.1	VAXTA- OG ENDURFJÁRFESTINGAÁHÆTTA	19
2.3.2	UPPGREIÐSLUÁHÆTTA	19
2.3.3	VERÐBREYTINGARÁHÆTTA	20
2.3.4	GJALDMIÐLAÁHÆTTA	20
2.3.5	ÓSAMRÆMISÁHÆTTA	20
2.3.6	VERÐBÓLGUÁHÆTTA	21
2.3.7	ÁHÆTTUR VEGNA SKULDBINDINGA UTAN EFNAHAGS	21
2.4	REKSTRARÁHÆTTA	21
2.4.1	STARFSMANNAÁHÆTTA	21
2.4.2	ÁHÆTTA VEGNA SVIKA	22
2.4.3	ÁHÆTTA VEGNA UPPLÝSINGAKERFA	22
2.4.4	ORÐSPORSÁHÆTTA	22
2.4.5	PÓLÍTÍSK ÁHÆTTA, LÖG OG REGLUR	23
2.4.6	REGLU- OG HLÍTINGARÁHÆTTA	23
2.4.7	ÚRSKURÐARÁHÆTTA LÍFEYRIS	23
2.4.8	ÁHÆTTA VEGNA ÚTHÝSINGAR	24
2.4.9	UPPLÝSINGAÁHÆTTA	25
3	FRAMKVÆMD ÁHÆTTUSTÝRINGAR	26
3.1	FYRIRBYGGJANDI OG VIRK ÁHÆTTUSTÝRING	26
3.2	ÁHÆTTUSKRÁR OG ÁHÆTTUDAGSKRÁ	26
3.3	SKÝRSLUGJÖF	27
3.4	HLÍTINGARSKRÁ	27
	UNDIRRITUN STJÓRNAR	27
	VIÐAUKI 1: EFNISYFIRLIT FYRIR SKÝRSLUR OG KANNANIR	28
	VIÐAUKI 2: ÁHÆTTUSKRÁ	36
	VIÐAUKI 3: DAGSKRÁ ÁHÆTTUSTÝRINGAR	39
	VIÐAUKI 4: LÖG, REGLUR OG VERKFERLAR	43

VIÐAUKI 5: SKILGREINING VIÐMIÐUNARVÍSITÖLU	46
VIÐAUKI 6: EFTIRFYLGNI MEÐ FJÁRFESTINGUM	47
VIÐAUKI 7: SPURNINGAR TENGÐAR KÖNNUNUM Í VIÐAUKA 3	48
VIÐAUKI 8: EIGNASÖFN OG STÝRING ÞEIRRA	55

1 SKILGREINING Á ÁHÆTTU OG SKIPULAG

1.1 INNGANGUR

1.1.1 MARKMIÐ STEFNU

Áhættustefna Stapa lífeyrissjóðs er sett af stjórn sjóðsins og á ábyrgð hennar. Markmið stefnunnar er að tryggja góða og trausta stjórnarhætti. Stefnan tekur til stýringar á áhættu og eftirlits í öllu starfi Stapa lífeyrissjóðs. Hún tekur til stjórnarmanna og starfsmanna sjóðsins eftir því sem við á. Eftirfylgni með stefnunni á ábyrgð stjórnar. Stefnan skal rækilega kynnt starfsmönnum og eftir því sem við á utanaðkomandi aðilum. Starfsmenn skulu staðfesta skriflega að þeir hafi kynnt sér stefnuna og skuldbindi sig til að hlíta henni í hvívetna.

1.1.2 ÁBYRGARSVIÐ OG EFTIRLITSHLUTVERK

Tilgangur áhættustefnu er að skilgreina, reglubinda og skjalfesta áhættustýringu og eftirlitsaðgerðir hjá sjóðnum og ákvarða ábyrgðarsvið stjórnar og starfsmanna sjóðsins og eftir atvikum utanaðkomandi aðila. Stefnan á að afmarka hvert eftirlitshlutverk stjórnar er, hvaða gögn stjórn skuli fá til að sinna eftirlitshlutverki sínu, hvert hlutverk áhættustýringar og eftirlitsaðila er og hvernig eftirliti skuli háttað. Með eftirlitsaðilum er átt við, áhættustjóra, endurskoðunarnefnd og innri og ytri endurskoðendur. Stefnan tiltekur einnig hvert ábyrgðarsvið og eftirlitshlutverk starfsmanna sjóðsins er, eftir hvaða reglum þeir skulu vinna og hvaða gögnum þeir skuli skila til stjórnar og eftirlitsaðila og á hvaða tíma til að þeir geti sinnt hlutverki sínu.

1.1.3 INNTAK STEFNU

Áhættustefnu Stapa lífeyrissjóðs er ætlað að gefa yfirlit yfir helstu áhættuþætti í rekstri sjóðsins. Fjallað er um skipulag og framkvæmd áhættustýringar ásamt einstökum áhættuþáttum. Sett er fram áhættuskrá þar sem mikilvægi áhættuþátta er metið ásamt því að tilgreint er hvernig fylgst er með tilteknum áhættuþáttum í skýrslum og könnunum. Áhættudagskrá tilgreinir hvenær tilteknir eftirlitsþættir eru framkvæmdir. Loks er sett fram yfirlit yfir regluverk sjóðsins, þ.e. lög, reglugerðir, reglur FME og leiðbeinandi tilmæli FME sem að sjóðnum lúta, ásamt samþykktum og reglum Stapa lífeyrissjóðs, en regluverkið í heild á að taka á þeim áhættuþáttum sem mestu máli skipta við rekstur sjóðsins.

1.2 SKILGREINING Á ÁHÆTTU

Áhætta er skilgreind sem hættan á atburði sem eykur marktækt líkurnar á því að sjóðurinn nái ekki markmiðum sínum til skemmri eða lengri tíma.

1.3 ÁHÆTTUFLOKKUN

Áhættu sjóðsins er skipt í lífeyristryggingaráhættu, mótaðilaáhættu, fjárhagslega áhættu (markaðsáhættu) og rekstraráhættu. Hér að neðan eru stuttar skilgreiningar og yfirlit yfir undirflokkum, en ítarlegri skilgreiningar og umfjöllun er í kafla 2.

Lífeyristryggingaráhætta

Með lífeyristryggingaráhættu er átt við hættuna á því að skuldbindingar sjóðsins vaxi umfram eignir og að skerða þurfi réttindi sjóðfélaga. Hér flokkast hættan á að raunverulegt verðmæti lífeyrisréttinda (kaupmáttur lífeyrisréttinda) rýrni.

Lífeyristryggingaráhætta skiptist í eftirfarandi undirflokk:

- Skerðingaráhætta
- Iðgjaldaáhætta
- Umhverfisáhætta
- Lýðfræðileg áhætta
- Réttindaflutningsáhætta
- Lausafjáraáhætta:
 - Seljanleikaáhætta
 - Útstreymisáhætta

Mótaðilaáhætta

Mótaðilaáhætta er hættan á að mótaðilar eða milliliðir í viðskiptum, t.d. útgefendur skuldabréfa, sjóðfélagar, fyrirtæki og uppgjörshús, standi ekki í skilum (t.d. vegna gjaldþrots) eða að hæfni þeirra til greiðslu versni verulega. Samþjöppunar- og landsáhætta fellur undir mótaðilaáhættu, enda felur hún í sér hættuna á að margir mótaðilar lendi samtímis í vanefndum.

Mótaðilaáhætta greinist í eftirfarandi undirflokk:

- Útlánaáhætta
- Samþjöppunaráhætta
- Landsáhætta
- Afhendingar- og uppgjörshúsáhætta

Fjárhagsleg áhætta

Fjárhagsleg áhætta (markaðsáhætta) lýtur fyrst og fremst að fjárhagslegum atriðum í starfsemi sjóðsins, þ.e. hættu á fjárhagslegu tapi vegna breytinga á markaðsvirði liða innan og utan efnahagsreiknings, þar á meðal breytinga á vöxtum, gengi gjaldmiðla eða virði verðbréfa. Þessi áhætta getur leitt til neikvæðra áhrifa á rekstur og/eða efnahag, bæði vegna aðgerða eða atburða innan sjóðsins eða utan hans. Neikvæð áhrif á rekstur og efnahag geta dregið úr möguleikum lífeyrissjóðsins til að framfylgja stefnu og ná markmiðum sínum.

Með fjárhagslegri áhættu er átt við hættuna á því að fjárhagslegar eignir sjóðsins rýrni í verði og að tekjur af þeim verði lakari en væntingar stóðu til. Fjárhagsleg áhætta markast af þeim eignaflokkum sem sjóðurinn fjárfestir í og hvernig eignasafn hans er saman sett. Sjóðurinn er fyrst og fremst markaðsfjárfestir og eignir hans og áhætta er háð sveiflum á fjármálamörkuðum. Fjárhagsleg áhætta skiptist í eftirfarandi undirflokk:

- Vaxta- og endurfjárfestingaráhættu
- Uppgreiðsluáhættu
- Verðbreytingaráhættu
- Gjaldmiðlaáhættu
- Ósamræmisáhættu
- Verðbólguáhættu
- Áhættu vegna skuldbindinga utan efnahagsreiknings

Rekstraráhætta

Rekstraráhætta lítur fyrst og fremst að starfsemi lífeyrissjóðsins. Starfsemin skal lúta þeim reglum sem um hann eru settar í lögum, reglugerðum, eigin samþykktum og reglum sjóðsins (í viðauka 4 er yfirlit yfir helstu lög og reglur sem sjóðurinn starfar eftir). Stefnt skal að sem mestri hagkvæmni í rekstri þannig að sem mestar líkur séu á að sjóðurinn nái markmiðum sínum. Sjóðnum skal stjórnað með heiðarleika, ráðvendni og góða starfshætti að leiðarljósi. Rekstrar- og umhverfisáhætta er að jafnaði skilgreind sem hættan á tjóni sem rekja má til ófullnægjandi eða ónothæfra innri verkferla, starfsmanna, upplýsingakerfa eða til ytri atburða.


Rekstraráhættu er skipt í eftirfarandi undirflokk:

- Starfsmannaáhættu
- Áhætta vegna svika
- Áhættu vegna upplýsingakerfa
- Orðsporsáhættu
- Pólítíska áhættu / lög og reglur
- Lagalega áhættu
- Úrskurðaráhættu lífeyris
- Áhættu vegna útvistunar
- Upplýsingaáhættu

1.4 SKIPULAG ÁHÆTTUSTÝRINGAR

1.4.1 SKIPURIT

Skipurit Stapa á að gefa stjórn og starfsmönnum yfirsýn yfir starfsemi sjóðsins. Það skýrir starfs- og ábyrgðarsvið einstakra eininga og er grunnur að skipulagi allra reglna sjóðsins og verkferla. Skipuritið auðveldar yfirsýn yfir skipulag áhættustýringar og út frá því má greina hvar áhættur kunna að leynast.



Sjóðurinn skiptist í tvær deildir – Tryggingadeild sem tekur við iðgjöldum vegna skyldutryggingar lífeyrisréttinda og Séreignardeild sem tekur við iðgjöldum vegna valsfrjáls viðbótarlífeyrissparnaðar.

Starfsemi lífeyrissjóðs snýst um móttöku iðgjalda, ávöxtun þeirra og endurgreiðslu í formi lífeyris. Skipulag á starfsemi sjóðsins tekur mið af þessu og skiptist hún niður í þrjú megin svið:

Áhættustjóri: Stjórnin hefur ráðið sérstakan áhættustjóra, sem heyrir beint undir stjórn og hefur yfirumsjón með allri áhættustýringu og eftirliti hjá sjóðnum.

Reglurvörður: Stjórn sjóðsins hefur ráðið sérstakan reglurvörð, sem annast eftirlit með eignin viðskiptum starfs- og stjórnarmanna í samræmi við Verklagsreglur sjóðsins um verðbréfavíðskipti (B3).

Iðgjaldasvið: Sér um móttöku iðgjalda og greiðslna vegna þeirra og skráningu á réttindum í réttindakerfi sjóðsins og þjónustu við launagreiðendur og sjóðfélaga.

Eignastýringarsvið: Sér um fjárfestingar og ávöxtun á eignum sjóðsins og samskipti við aðila á fjármálamarkaði. Eignastýringarsvið heyrir undir framkvæmdastjóra. Komið hefur verið upp fjárfestingaráði sem sér um fjárfestingar sjóðsins í samráði við framkvæmdastjóra og sinnir eftirfylgni með fjárfestingum.

Lífeyrissvið: Sér um móttöku umsókna um lífeyri, úrskurði um lífeyri, undirbúning fyrir greiðslu lífeyris og þjónustu við lífeyrisþega og samskipti við aðra sjóði. Sérstök lífeyrisnefnd starfar á lífeyrissviði, sem yfirfer alla lífeyrisúrskurði.

Auk þessara þriggja megin sviða eru fjögur stoðsvið sem sinna verkefnum sem ná yfir eitt eða fleiri megin svið. Sumir starfsmenn kunna að sinna verkefnum sem bæði tilheyra megin sviði og stoðsviði.

Bókhald og uppl.: Bókhald og upplýsingavinnsla sér um allt bókhald þ.m.t. fjárhagsbókhald og verðbréfabókhald auk margvíslegra úrvinnslu upplýsinga úr upplýsingakerfum sjóðsins.

Stafsmannahald: Sér um starfsmannahald allra sviða og stoðsviða

Þjónusta og uppl.: Sér um almenna þjónustu og upplýsingagjöf fyrir öll svið sjóðsins.

Innheimta: Sér um innheimtu á iðgjöldum og fjármálagjörningum.

Auk stoðsviðanna eru ákveðnir þættir í starfsemi sjóðsins útvistaðir. Þar er um að ræða lögfræðiþjónustu, tölvuþjónustu, rekstur upplýsingakerfa, greiðslu lífeyris og umsýslu skattkorta sem fer gegn um Greiðslustofu lífeyrissjóða.

1.4.2 STJÓRN

Stjórn sjóðsins ber ábyrgð á því að móta og samþykkja áhættustefnu og sjá til þess að virk áhættustýring sé til staðar hjá sjóðnum, sem tekur til allrar starfsemi hans. Áhættustýring skal innihalda skilvirka ferla og vinnulag. Hún þarf einnig að tryggja að framkvæmda- og áhættustjóri fylgist með því að þessir ferlar séu fullnægjandi og verklag sé skilvirkt.

Hlutverk stjórnar er að kynna sér, gera sér grein fyrir og móta stefnu um þá áhættu sem fylgir starfsemi sjóðsins, þ.m.t. að setja henni ásættanleg mörk. Hluti þeirrar vinnu felst í að móta sérstaka áhættustefnu, ganga frá áhættuáætlun og móta fjárfestingarstefnu, sem skilað er inn til Fjármálaeftirlits árlega.

Stjórnin ber ábyrgð á að öll starfsemi sjóðsins sé lögum samkvæmt og fylgi öllum reglum sem um starfsemi hans gilda þ.m.t. eigin samþykktum og stefnu. Þetta gildir bæði fyrir rekstur og fjárfestingar sjóðsins og hvort sem litið er til sjóðsins í heild eða einstakra verkþátta eða eignasafna.

Stjórn fær regluleg yfirlit og skýrslur um áhættu sjóðsins og framkvæmd áhættustýringar, til eftirlits og til að meta árangur af gildandi áhættustefnu.

1.4.3 FRAMKVÆMDASTJÓRI

Framkvæmdastjóri starfar í umboði stjórnar og ber ábyrgð á daglegum rekstri sjóðsins þ.m.t. á stjórnendaeftirliti sem lýtur að framkvæmd áhættustýringar, innra eftirliti og upplýsingagjöf til stjórnar. Framkvæmdastjóri skal taka þátt í mótun áhættustefnu, setningu markmiða í áhættustýringu og innra eftirliti, fylgjast með þróun áhættustýringar og aðferðum sem beitt er, þeim úrræðum sem tiltæk eru og meta skilvirkni þeirra og gera tillögur um úrbætur ef þurfa þykir. Hann skal viðhalda skipuriti sem tilgreinir skýrt ábyrgðarsvið, heimildir starfsmanna og boðleiðir og tryggja að ábyrgðinni sé deilt með fullnægjandi hætti.

Framkvæmdastjóri skal sjá til þess að starfsmenn sjóðsins fylgist vel með innlendum og erlendum fjármálamörkuðum, afli viðeigandi upplýsinga og framkvæmi viðeigandi áreiðanleikakannanir áður en ákvarðanir um fjárfestingar eru teknar og að eftirlit og eftirfylgni með fjárfestingum sé fullnægjandi. Hann skal ásamt áhættustjóra skipuleggja áhættustýringu og innra eftirlit sjóðsins.

Nánar er fjallað um ábyrgð og skyldur framkvæmdastjóra í starfslýsingum fyrir starfsmenn sjóðsins (B16).

1.4.4 ÁHÆTTUSTJÓRI

Áhættustjóri starfar í umboði stjórnar og heyrir beint undir hana. Hann hefur umsjón með allri áhættustýringu og innra eftirliti hjá sjóðnum, þ.m.t. áhættuflokkun og skipulagi áhættustýringar og skal sjá til þess að stjórn sjóðsins og endurskoðunarnefnd hafi sem bestar upplýsingar um alla áhættustýringu og áhættustig, mv. stefnu og samþykkt verklag.

Áhættustjóri hefur yfirumsjón með mótun áhættustefnu og gerð áhættuáætlunar í samráði við framkvæmdastjóra, skrifstofustjóra og fjárfestingarráð. Áhættustefna og áhættuáætlun skal lögð fyrir stjórn til samþykktar.

Nánar er fjallað um skyldur og ábyrgð áhættustjóra í starfslýsingum fyrir starfsmenn sjóðsins (B16).

1.4.5 FJÁRFESTINGARÁÐ OG SKIPULAG VIÐ FJÁRFESTINGAR


Fjárfestingaráð starfar hjá Stapa lífeyrissjóði. Stjórnin sjóðsins setur ráðinu reglur (B5). Ráðið heyrir undir framkvæmdastjóra og tekur við fyrirætlum frá honum. Framkvæmdastjóri ber ábyrgð á daglegum störfum ráðsins.

Tilgangur ráðsins er að vera vettvangur starfsmanna sjóðsins, sem starfa við eignastýringu, til að fara yfir og ræða upplýsingar um fjármálamarkaði, fjárfestingarvalkosti og taka ákvarðanir um fjárfestingar. Ákvarðanir um fjárfestingar skulu teknar með samþykki allra ráðsmanna. Komi upp skiptar skoðanir má vísa málinu til framkvæmdastjóra til úrskurðar. Allar ákvarðanir sem teljast óvenjulegar eða mikilsháttar skal ráðið bera undir framkvæmdastjóra.

Ráðið skal ræða þróun á fjármálamörkuðum og hvaða áhrif hún hefur á ávöxtun og áhættu eigna í eignasafni sjóðsins. Ráðið skal móta fjárfestingarstefnu undirsafna sjóðsins og skulu þær staðfestar af framkvæmdastjóra. Framkvæmdastjóri stýrir verkum við undirbúning og mótun fjárfestingastefnu. Fjárfestingarráð skal taka þátt í undirbúningi þeirrar stefnumótunar í samræmi við fyrirætlun framkvæmdastjóra. Fjárfestingarstefnan skal samþykkt af stjórn sjóðsins.

Fjárfestingaráð er skipað þremur einstaklingum sem starfa hjá sjóðnum. Stjórn sjóðsins skipar í ráðið skv. tilnefningu framkvæmdastjóra og ákveður formann þess. Formaður ráðsins ber starfsheitið fjárfestingastjóri en aðrir ráðsmenn bera starfsheitið sjóðsstjóri.

Eignum sjóðsins er skipt niður í eignaflokka, yfirflokka, sem síðan skiptast í undirflokka og einstök eignasöfn. Yfirflokkar, undirflokkar og einstök undirsöfn fá einkenni, bæði bókstaf, einn eða fleiri, og einn eða fleiri tölustafi. Í fjárfestingastefnu sjóðsins er ákveðið hver eignasamsetning sjóðsins á að vera, þ.e. vikið einstakra eignaflokka, auk þess sem sérstök stefna er sett fyrir hvert og eitt undirsöfn. Söfnum sem stýrt er að starfsmönnum sjóðsins hafa sérstakan ábyrgðarmann, þ.e. sjóðsstjóra, og þegar safni er stýrt af utanaðkomandi aðila er skipaður eftirlitsmaður safns hjá sjóðnum. Öll söfn fá númer í samræmi við ofangreint númerakerfi og í stefnu safna og erindisbréfum starfsmanna er tilgreint hver er sjóðsstjóri/eftirlitsmaður fyrir hverju safni. Í viðauka 8 er að finna yfirlit yfir eignasöfn hjá sjóðnum og hver er sjóðsstjóri/eftirlitsmaður með hverju safni.



Nánar er fjallað um ábyrgð og skyldur fjárfestingaráðs í reglum um fjárfestingaráð (B5)

1.4.6 SKRIFSTOFUSTJÓRI

Skrifstofustjóri sér um almenna starfsmannastjórn, verkstjórn og samskipti um verkefni við starfsmenn. Skrifstofustjóri hefur yfirumsjón með upplýsinga- og tölvumálum og öryggismálum og samskiptum við þjónustuaðila. Hann hefur yfirumsjón með varðveislu gagna í eigu sjóðsins. Skrifstofustjóri er ábyrgðarmaður sjóðsins gagnvart reglum gegn peningabætti. Hann er einnig formaður Lífeyrisnefndar.

Skrifstofustjóri hefur umsjón með ársuppgjöri sjóðsins og milliuppgjörum og mánaðarlegum uppgjörum í samráði við framkvæmdastjóra og aðalbókara. Hann sér um boðun stjórnarfunda og ársfundar og hefur umsjón með gagnavinnu, fyrir stjórnarfundum, í samráði við framkvæmdastjóra. Skrifstofustjóri ritar fundargerðir stjórnarfunda, nema stjórn feli það öðrum aðila.

Nánar er fjallað um ábyrgð og skyldur skrifstofustjóra í starfslýsingum fyrir starfsmenn sjóðsins (B16).

1.4.7 LÍFEYRISNEFND

Lífeyrisnefnd starfar hjá Stapa lífeyrissjóði. Nefndin starfar í umboði stjórnar, sem setur henni reglur. Nefndin heyrir undir framkvæmdastjóra, sem ber ábyrgð á daglegum störfum hennar.

Verkefni nefndarinnar eru að yfirfara alla lífeyrisúrskurði hjá sjóðnum áður en þeir koma til greiðslu og staðfesta niðurstöðu þeirra. Jafnframt skal nefndin taka til umfjöllunar öll álitamál um lífeyri og lífeyrisúrskurði sem upp koma hjá sjóðnum og ákveða í hvaða tilfellum slíkum málum skuli skotið til stjórnar sjóðsins til endanlegrar afgreiðslu.

Niðurstöðu um lífeyrisúrskurði skal leggja fyrir stjórn sjóðsins.

Nánar er fjallað um ábyrgð og skyldur lífeyrisnefndar í reglum um lífeyrisnefnd (B6).

1.4.8 REGLUVÖRÐUR

Í samræmi við grein 10 í verklagsreglum Stapa um verðbréfavíðskipti lífeyrissjóðsins, stjórnar hans og starfsmanna (B3) hefur sjóðurinn ráðið sérstakan regluvörð sem annast eftirlit með því að reglum sé fylgt ásamt tilheyrandi lögum og reglum. Hlutverk regluvarðar er nánar skilgreint í erindisbréfi regluvarðar sem er viðauki með reglum um verðbréfavíðskipti (B3).

1.4.9 ENDURSKOÐUNARNEFND

Endurskoðunarnefnd starfar í samræmi við ákvæði 108. gr. laga nr. 3/2006 um ársreikninga.

Hlutverk nefndarinnar skv. lögum er m.a. eftirfarandi:

1. Eftirlit með vinnuferli við gerð reikningsskila
2. Eftirlit með fyrirkomulagi og virkni innra eftirlits sjóðsins, innri endurskoðun og áhættustýringu.
3. Eftirlit með endurskoðun ársreiknings.
4. Mat á óhæði endurskoðanda eða endurskoðunarfyrtækis og eftirlit með öðrum störfum endurskoðanda eða endurskoðunarfyrtækis.
5. Að setja fram tillögu til stjórnar um val á endurskoðanda eða endurskoðunarfyrtæki.

Nefndin skal fara yfir fjárhagslegar upplýsingar frá stjórnendum, hvernig fyrirkomulag upplýsingagjafar er, hvernig áhættustýringu er sinnt og ganga úr skugga um að þær upplýsingar sem stjórn sjóðsins fær um rekstur, hag og framtíðarhorfur sjóðsins gefi sem gleggsta mynd af stöðu hans á hverjum tíma. Endurskoðunarnefnd skal starfa náið með áhættustjóra.

Nánar er fjallað um endurskoðunarnefnd í starfsreglum hennar (B7).

1.4.10 INNRI ENDURSKOÐANDI

Innri endurskoðandi starfar skv. lögum nr. 129/1997 um skyldutryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða og reglum nr. 687/2001 um endurskoðunardeildir og eftirlitsaðila lífeyrissjóða.

Innri endurskoðun aðstoðar stjórn sjóðsins við að meta og prófa þau innri eftirlitskerfi sem sjóðurinn hefur byggt upp í þeim tilgangi að lágmarka hættuna á að sjóðurinn nái ekki markmiðum sínum. Innri endurskoðandi skal starfa náið með áhættustjóra og endurskoðunarnefnd.

1.4.11 YTRI ENDURSKOÐANDI

Ytri endurskoðandi starfar skv. lögum nr. 129/1997 um skyldutryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða, reglum 55/2000 um ársreikninga lífeyrissjóða og reglum nr. 685/2001 um endurskoðun lífeyrissjóða.

Í samræmi við starfsskyldur ytri endurskoðanda ber honum m.a. að gefa hlutlausa og áreiðanlega mynd af efnahag og afkomu sjóðsins, þ.m.t. að sannreyna verðmæti eigna og stöðu samninga.

Hlutverk ytri endurskoðanda fellur ekki með beinum hætti undir skipulag áhættustýringar.

1.5 MIKILVÆGI ÁHÆTTUSTÝRINGAR

Stjórn og framkvæmdastjóri skulu leiða með góðu fordæmi og stuðla þannig að heilbrigðu siðferði og góðum starfsháttum innan sjóðsins. Í þessu felst m.a. að koma á starfsanda sem leggur áherslu á mikilvægi áhættustýringar og að áhættustýring sé hluti hefðbundinna verkefna og daglegra starfa. Sjóðurinn leggur áherslu á að starfsmenn hafi skilning á hlutverki sínu í áhættustýringu sjóðsins og taki fullan þátt í henni. Til þess að ná þessum markmiðum skal reglulega fjallað um áhættustýringu á fundum starfsmanna. Áhættustefna sjóðsins skal kynnt starfmönnum. Allir lykilstarfsmenn skulu skrifa undir yfirlýsingu um að þeir hafi lesið og skilið áhættustefnu og fjárfestingarstefnu sjóðsins og muni leitast við að fylgja þeim eins og frekast er kostur í samræmi við verksvið hvers og eins.

1.6 SAMSPIL ÁHÆTTUSTEFNU OG FJÁRFESTINGARSTEFNU

Samkvæmt 1. mgr. 36 gr. laga nr. 129/1997 um skyldutryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða, skal stjórn lífeyrissjóðs móta fjárfestingarstefnu og ávaxta fé sjóðsins með hliðsjón af þeim kjörum sem best eru boðin á hverjum tíma með tilliti til ávöxtunar og áhættu. Öllum fjárfestingum fylgir áhætta. Skilgreining á áhættuþoli, lýsing á mismunandi áhættum og þau markmið sem sett eru um áhættutöku móta markmið sjóðsins og stefnu í fjárfestingum. Á þetta bæði við um fjárfestingar í einstökum tegundum eigna og fyrir eignasafn sjóðsins í heild. Þessi áhættu- og fjárfestingarmarkmið eru því bæði hluti af fjárfestingar- og áhættustefnu sjóðsins.

Árleg fjárfestingarstefna tekur mið af áhættuþoli og áhættumarkmiðum. Hluti af áhættustefnu er áhættuáætlun sem sett er upp í fjárfestingarstefnunni, þar sem töluleg markmið um áhættu eru sett og hvernig takmörk um áhættu eru nýtt í einstökum flokkum eigna. Í áhættustefnu er hins vegar fjallað um hvernig áhætta er mæld, metin og hvernig fylgst er með að áhættuviðmið séu haldin.

Áhætta tengd fjárfestingum er aðeins hluti áhættustefnunnar. Áhættustefna skilgreinir skipulag, umsjón og ábyrgð er varðar framkvæmd áhættustýringar, skilgreinir áhættuþætti, tiltekur þá áhættuþætti sem sjóðurinn vill fylgjast með og jafnframt hvernig fylgst er með þessum áhættuþáttum. Gerð er áhættuskrá yfir alla áhættuþætti, þar sem áhættuþættir eru flokkaðir þ.m.t. eftir mikilvægi og lýst hvernig þeir eru mældir. Einnig er útbúin áhættudagskrá sem segir til um hvenær mælingar og eftirlit fer fram.

1.7 AÐGREINING STARFA

Sjóðurinn leggur áherslu á að aðgreining starfa sé eins og best verður á kosið m.v. kröfur um traust innra eftirlit, stærð og starfsmannafjölda sjóðsins. Lögð er áhersla á að aðgreining starfa sé með þeim hætti að ekki leiki vafi á að hvorki starfsmenn né stjórnendur séu í aðstöðu til að misnota vald sitt eða heimildir. Sérstök áhersla er lögð á aðgreiningu starfa vegna viðskipta, þannig að enginn einn einstaklingur hafi vald, eða aðgang, til að ákveða viðskipti, greiða fyrir viðskiptin, skrá þau í bækur sjóðsins og hafa eftirlit með viðkomandi eign eftir að hún hefur verið keypt.

Aðgreining starfa byggir á verkaskiptingu, sem tekur tillit til mögulegra áhættuþátta og er ætlað að draga úr líkum á tjóni, hvort heldur sem er vegna óviljandi yfirsjóna eða mögulegrar sviksemi. Þetta er m.a. gert með því að skipuleggja aðgengi að upplýsingakerfum sjóðsins með þeim hætti að það lágmarki hættur af þessum toga. Einnig er lögð áhersla á rekjanleika allra aðgerða í upplýsingakerfum

sjóðsins. Vegna faliðunar er samt sem áður stundum um skörun að ræða milli starfa og ábyrgðarsviða. Haldin er frávikaskrá þegar starfsmaður fer yfir á ábyrgðarsvið annars starfsmanns og sérstök áhersla er lögð á rekjanleika aðgerða í þeim tilfellum.

Lögð er áhersla á aðgreiningu á milli starfa þeirra sem taka áhættu með ákvörðunum sínum fyrir sjóðinn og þeirra sem mæla, meta áhættu í starfseminni og veita upplýsingar um áhættustig og áhættuþróun. Í þessu skyni starfar hjá sjóðnum er sérstakur áhættustjóri sem hefur umsjón með allri áhættustýringu og innra eftirliti. Áhættustjórinn heyrir beint undir stjórn sjóðsins og er sjálfstæður í störfum sínum. Hann sér um skýrslugerð og upplýsingagjöf til stjórnar varðandi áhættu og sér um að starfsmenn fylgi reglum þ.m.t. um aðgreiningu starfa. Áhættustjóri tekur ekki ákvarðanir um fjárfestingar.

1.8 ÚTTEKT OG ENDURMAT

Áhættustjóri útbýr sérstakar skýrslur um áhættu og hlítingu, sem lagðar eru fyrir stjórn. Hann skal einnig funda reglulega með endurskoðunarnefnd og gera henni grein fyrir þróun áhættuþátta í starfsemi sjóðsins og virkni áhættustýringar.

Að loknu almanaksári, þegar ársniðurstöður liggja fyrir skal áhættustjóri afhenda stjórn og endurskoðunarnefnd úttekt á virkni áhættustýringar sjóðsins þ.m.t. um markmið, framkvæmd, og árangur. Jafnframt skulu koma fram helstu áhersluatriði á sviði áhættueftirlits og áhættustýringar fyrir komandi ár, mat á stærstu áhættuþáttum sjóðsins og tillögur að breytingum á áhættustefnu ef þörf er á.

1.9 BROT Á STEFNU

Öll frávik eða brot á áhættustefnu skal tafarlaust tilkynna til framkvæmdastjóra, sem ákveður til hvaða ráðstafana ber að grípa. Skal framkvæmdastjóri, eftir fremsta megni og svo fljótt sem auðið er, ákveða hvernig brugðist er við til að lágmarka þann skaða, sem frávikkið kann að valda. Skal framkvæmdastjóri ákveða, í ljósi alvarleika fráviksins, hvort tilefni er til að leggja málið fyrir stjórn til umfjöllunar. Upplýsa skal endurskoðunarnefnd um öll frávik frá áhættustefnu.

2 ÁHÆTTUFLOKKAR

2.1 LÍFEYRISTRYGGINGARÁHÆTTA

2.1.1 SKERÐINGARÁHÆTTA

Hættan á að skuldbindingar vaxi meira en eignir og að skerða þurfi réttindi. Samkvæmt 39. gr. laga um lífeyrissjóði skal hrein eign lífeyrissjóðs til greiðslu lífeyris ásamt núvirði framtíðariðgjalda vera jafnhá núvirði væntanlegs lífeyris vegna þegar greiddra iðgjalda og framtíðariðgjalda. Leiði tryggingafræðileg athugun í ljós að meira en 10% munur er á milli eignarliða og lífeyrisskuldbindinga skv. 1. mgr. er lífeyrissjóðnum skylt að gera nauðsynlegar breytingar á samþykktum sjóðsins. Sama gildir ef munur samkvæmt tryggingafræðilegum athugunum á milli eignaliða og lífeyrisskuldbindinga hefur haldist meiri en 5% samfelt í fimm ár.

Árlega er framkvæmd tryggingafræðileg athugun hjá sjóðnum í tengslum við gerð ársreiknings. Jafnframt er framkvæmt álagspróf til að meta líkurnar á því að tryggingafræðileg staða sjóðsins verði neikvæð um 10% eða meira, þannig að grípa þurfi til skerðingar á lífeyrisréttindum. Þar sem að réttindi í sjóðnum breytast í samræmi við ávöxtun á eignum hans tryggir réttindakerfið ákveðna aðlögun eigna og skuldbindinga, sem dregur úr þessari áhættu. Á móti kemur að árangur af ávöxtun hefur bein áhrif á kaupmátt lífeyrisréttinda, sem skoða þarf sérstaklega.

Álagsprófið er unnið í samráði við tryggingastærðfræðing sjóðsins. Við álagsprófið eru metin möguleg áhrif eftirfarandi álagsþátta á tryggingafræðilega stöðu:

- Verðækkun mismunandi eignaflokka
- Styrking krónu (ISK)
- Verðbólga
- Hækkun skuldbindinga vegna vaxtalækkunar til núvirðingar
- Hækkun skuldbindinga vegna breytinga á tryggingafræðilegum forsendum

Svipuð álagspróf eru framkvæmd áður en fjárfestingastefna er ákveðin, til að meta áhættuþol sjóðsins. Í þeim er þó einkum lögð áhersla á hvaða áhrif mismunandi ávöxtun eignaflokka hefur á tryggingafræðilega stöðu.

Þá er tryggingafræðileg staða sjóðsins framreiknuð mánaðarlega til að fylgjast með þróun hennar og undirbúa aðgerðir ef með þarf.

2.1.2 IÐGJALDAÁHÆTTA

Hættan sem stafar af vanskilum iðgjalda eða miklum samdrætti í iðgjöldum. Samdráttur í iðgjöldum getur stafað af fækkun sjóðfélaga og/eða lækkun raunlauna. Snörp lækkun á iðgjöldum getur haft áhrif á framtíðar skuldbindingar og þar með á tryggingafræðilega stöðu sjóðsins í heild. Slíkar breytingar geta því leitt til þess að sjóðurinn uppfylli ekki lagaskilyrði um jafnvægi eigna og skuldbindinga og þ.a.l. þurfi að skerða réttindi óháð eignastöðu vegna áfallninna réttinda. Til að takmarka þessa áhættu leitast sjóðurinn við að hafa ávinnslukerfi lífeyrisréttinda þannig að sem best jafnvægi sé milli framtíðareigna og framtíðarskuldbindinga. Einnig ber að hafa í huga að snörp lækkun iðgjalda kann að hafa áhrif á lausafjárstöðu sjóðsins. Um viðbrögð við lausafjárhættu vísast til kafla 2.1.6.

Með mánaðarlegum framreikningi tryggingafræðilegrar stöðu og mánaðarlegum útreikningi á tryggingafræðilegri afkomu, fylgist sjóðurinn náið með þróun iðgjalda, ávinnslu réttinda og þeim breytingum sem sú þróun hefur á tryggingafræðilega stöðu Tryggingadeildar sjóðsins.

2.1.3 UMHVERFISÁHÆTTA / KREPPUÁHÆTTA

Hættan á að neikvæð þróun í ytra umhverfi sjóðsins, þ. á m. félagslegar og hagrænar breytingar, auki lífeyrisbyrði sjóðsins eða takmarki valmöguleika sjóðsins í ávöxtun. Þetta eru áhættuþættir eins og langvarandi atvinnuleysi sem kann að auka líkur á örorku, breytingar á reglum Tryggingastofnunar sem geta haft áhrif á útgjölds sjóðsins o.s.frv. Hér undir flokkast einnig svokölluð kerfislæg áhætta, s.s. hættan á að almennir erfiðleikar í lífeyriskerfinu þ.m.t. erfiðleikar hjá öðrum lífeyrissjóðum eða Tryggingastofnun hafi neikvæð áhrif á starfsemi sjóðsins eða afkomu sjóðfélaga hans. Umhverfisáhættu er erfitt að magntaka og með henni er fylgst fyrst og fremst í gegnum almennan fréttáflutning, bæði af nærumhverfi og fjármálamörkuðum. Þá koma breytingar sem tengdar eru umhverfisáhættu einnig fram í öðru áhættuflokkum, s.s. lýðfræðilegri áhættu, pólitískri áhættu og fjárhagsáhættu.

2.1.4 LÝÐFRÆÐILEG ÁHÆTTA

Hættan á að lýðfræðilegar forsendur sem notaðar eru við mat á lífeyrisloforðum sjóðsins breytist á þann veg að skuldbindingar hækki umfram áætlanir. Skv. 14. til 17. gr. reglugerðar nr. 391/1998 um lífeyrissjóði ber tryggingafræðingum að meta lífs- og örorkulíkur og líkur á að sjóðfélagi verði í sambúð og eignist barn. Undanfarna áratugi hafa lýðfræðilegar forsendur breyst með auknu langlífi og vaxandi örorkulíkum, sem hefur áhrif á skuldbindingar lífeyrissjóða. Margir telja að lífaldur eigi eftir að aukast enn frekar í framtíðinni.

Lýðfræðilegar forsendur, sem notaðar eru við mat á lífeyrisloforðum eru uppfærðar reglulega. Þá hefur sjóðurinn látið reikna út lýðfræðilegar forsendur, sem byggðar eru á reynslu sjóðfélaga í sjóðnum til samanburðar við almennar forsendur, sem byggðar eru á reynslutölum fyrir Íslendinga almennt.

Sjóðurinn fylgist með breytingum á þessum áhættuþáttum og reynt er að meta þessa þætti og hvaða áhrif breytingar á þeim hafa í álagsprófi sem gert sem gert er með tryggingastærðfræðingi í tengslum við tryggingafræðilegt uppgjör.

2.1.5 RÉTTINDAFLUTNINGSÁHÆTTA

Hættan á að sjóðfélagar flytji réttindi sín úr sjóðnum. Þessi áhætta er lítil í Tryggingafræðideild sjóðsins, þar sem réttindaflutningur er eingöngu í tengslum við lífeyrisúrskurði og þá aðeins þegar um óveruleg réttindi er að ræða. Þessi áhætta er hins vegar fyrir hendi í ríkum mæli í Séreignadeild sjóðsins. Brugðist er við áhættunni á þann hátt að eignir safna Séreignardeildar eru ávaxtaðar í auðseljanlegum verðbréfum og ávallt skulu a.m.k. 25% af eignum hvernar leiðar vera í lausu fé eða eignum sem hægt er að losa með stuttum fyrirvara. Sjóðfélagar sem eftir eru í þessum söfnum eiga þannig ekki að líða fyrir flutning annarra sjóðfélaga, þannig að þeir sitji eftir með stærra hlutfall illseljanlegra eigna.

2.1.6 LAUSAFJÁRÁHÆTTA

2.1.6.1 SELJANLEIKAÁHÆTTA

Hættan á að ekki sé hægt að selja (eða kaupa) tiltekinn fjármálagerning á viðunandi verði með stuttum fyrirvara. Slíkt getur komið til vegna óvenjulegra markaðsaðstæðna en einnig vegna eiginleika viðkomandi fjármálagernings. Algengur mælikvarði á seljanleika fæst með því að skoða veltu viðkomandi verðbréfa (t.d. mánaðarlega meðalveltu) og bera saman við eignastöðu sjóðsins í sama verðbréfi. Seljanleikaáhætta er af tvennum toga. Annars vegar að selja þurfi til að afla lausafjár

vegna aðkallandi skuldbindga og hins vegar að æskilegt sé talið að selja viðkomandi eign vegna versnandi horfa sem líklegt er talið að hafi neikvæð áhrif á ávöxtun til skemmri eða lengri tíma.

Lausafjárahætta í Tryggingadeild sjóðsins er yfirleitt talin lítil, á meðan inngreiðslur iðgjalda í mánuði hverjum nema talsvert hærri fjárhæð en nemur útgjöldum sjóðsins vegna lífeyrisgreiðslna og rekstrar. Engu að síður er lögð áhersla á að ávallt sé fyrir hendi nægjanlegt laust fé til að mæta a.m.k. 2ja mánaða útgjöldum. Í Séreignardeild sjóðsins er áhættunni stýrt þannig að öll söfn fjárfesta í vel seljanlegum bréfum og ávallt skal vera til laust fé eða eignir sem hægt er að selja með mjög stuttum fyrirvara, án teljandi verðáhrifa, til að mæta a.m.k. 2ja mánaða útgjöldum.

Einnig er litið til seljanleikaáhættu m.t.t. möguleika sjóðsins til að færa sig milli eigna og eignaflokka vegna breytinga á markaðsaðstæðum eða væntinga um slíkt. Í því efni kann að vera mikill munur milli einstakra eignaflokka og eignasafna. Í sumum tilfellum tekur sjóðurinn meðvitað á sig aukna seljanleikaáhættu með það að markmiði að fá slíka áhættu bættu upp með aukinni ávöxtun. Þetta á til að mynda við um framtaksfjárfestingar. Er slíkri áhættu stýrt með því að takmarka hvað slíkar fjárfestingar mega vera sem hlutfall af viðkomandi undirsafni, eða eignasafni sjóðsins í heild. Að öðru leyti er seljanleikaáhættu stýrt með viðmiðum um eignasafn sjóðsins í heild – hlutfall lausafjár og seljanlegra eigna af heildareignum – og viðmiðum sem sett eru upp fyrir einstök söfn, þar sem t.d. takmörk eru sett á eign í einstökum fjármálagerningum m.t.t. meðalveltu yfir skilgreint tímabil, heildarstöðu á einstaka útgefendur, hlutfall eigna sjóðsins af viðkomandi útgáfu o.s.frv. Takmörk sem þannig eru sett í einstökum undirsöfnum, og endurspeglast í takmörkunum fyrir sjóðinn í heild, mynda ramma um það hvernig þessari áhættu er stýrt.

2.1.6.2 ÚTSTREYMISÁHÆTTA

Hættan á að geta ekki staðið við greiðslur, hvort heldur sem er í krónum eða erlendum myntum, vegna skuldbindinga sem á sjóðnum hvíla. Slíkar skuldbindingar geta verið vegna lífeyris, reksturs eða samninga þar sem sjóðurinn hefur tekist á hendur skuldbindingar. Í flestum tilfellum er þessi áhætta talin lítil á meðan inngreidd iðgjöld í mánuði hverjum nema hærri fjárhæðum en skuldbindingar vegna lífeyrisgreiðslna og rekstrar. Engu að síður er lögð áhersla á að ávallt sé fyrir hendi nægjanlegt laust fé til að mæta a.m.k. 2ja mánaða útgjöldum.

Til að standa straum af útgjöldum vegna samninga sem sjóðurinn hefur gert, ekki síst í erlendum gjaldmiðlum, er leitast við að sjóðurinn hafi ávallt nægjanlegt laust fé eða greiðan aðgang að slíku lausafé í viðkomandi mynt til að standa straum af slíkum útgjöldum. Gerðar eru áætlanir um útgjöld vegna þessa a.m.k. árlega og þá ár fram í tímann.

2.2 MÓTAÐILAÁHÆTTA

2.2.1 ÚTLÁNAÁHÆTTA

Hættan á að mótaðili standi ekki skil á greiðslum af fjármálagerningum eða vegna samninga sem fela í sér útlánaígildi (e. credit exposure). Slík útlánaáhætta er jafnan mæld með gjaldþolsprófi eða lánshæfismati, áður en lánað er. Á lánstímanum er fylgst er með gjaldþoli þeirra aðila sem sjóðurinn hefur lánað. Þetta á þó ekki við um einstaklinga. Aldursgreining vanskila og breyting á tryggingahlutföllum eru dæmi um mat á útlánaáhættu.

Skuldaraáhætta tengd sjóðfélagalánnum getur til að mynda falist í því að mótaðili viðhaldi ekki veðandlagi eða rýri það með aðgerðaleyzi. Þá kann verðlækkun fasteigna að leiða til aukinnar skuldaraáhættu, svo dæmi sé tekið af greiningu á útlánaáhættu. Sjóðurinn hefur dregið úr útlánaáhættu til sjóðfélaga með samningi við banka um að sinna útlánum til sjóðfélaga, sem

sjóðurinn fjármagnar en bankinn veitir lánin og tekur skuldaraáhættuna, gegn ákveðnum umsömdum vaxtamun sem er á innláni sjóðsins og útlánum til sjóðfélaga.

Útlánaáhætta ræðst annars vegar af líkunum á greiðslufalli og hins vegar af áætluðu endurheimtuhlutfalli. Endurheimtuhlutfallið ræðst af því hversu alvarlegt greiðslufallið er, þ.e. hvort það leiðir til fjárhagslegrar endurskipulagningar, greiðslustöðvunar eða gjaldþrots og hversu góðar tryggingar fyrir skuldinni eru.

Í stefnu undirsafnsins Önnur markaðsskuldabréf, þar sem fram kemur stefna sjóðsins um fjárfestingar í skuldabréfum öðrum en ríkisskuldabréfum og skuldabréfum til sjóðfélaga, eru ákvæði um að eiginfjárhlutfall, veltufjárhlutfall, vaxtaþekja og endurfjármögnunarþörf útgefanda á líftíma bréfsins sé með þeim hætti að öll líkindi séu til þess að útgefandinn geti staðið við skuldbindingar sínar. Við mat á láns hæfi sveitarfélaga skal horfa til skuldsetningar sveitarfélaga og getu þeirra til að standast þær skuldbindingar. Myndaður er sérstakur afskriftarsjóður til að mæta hugsanlegum töpum vegna mótaðilaáhættu.

2.2.2 SAMÞJÖPPUNARÁHÆTTA

Samþjöppunaráhætta er skilgreind sem heildaráhætta eignasafns af tilteknum mótaðila og aðilum tengdum honum. Samþjöppunaráhætta felur þannig í sér samanlagða áhættu eigna og samninga sem annaðhvort eru útgefni af tilteknum mótaðila eða fela í sér útlánaígildi á hann, þ.m.t. hlutabréf, skuldabréf, afleiður og aðra fjármálagerningar. Í þessu sambandi er litið á tengda aðila sem sama aðilann, en tengdir aðilar teljast vera þeir aðilar sem eru:

- hluti af sömu samstæðu, þ.e. móðurfélög, dótturfélög, hlutdeildarfélag og samrekstrarfélag
- tengdir vegna sterkra eigna-, stjórnunar- eða fjölskyldutengsla
- tengdir vegna mikillar innbyrðis fylgni, t.d. vegna sterkra viðskiptatengsla eða sérstakra markaðsaðstæðna

Í stefnum undirsafna eru ákvæði um heimildir um hámarkskröfur á einn eða tengda aðila og tiltekna útgáfu sama aðila. Eru þær reglur mun strangari en heimildir laga um þetta efni. Farið er yfir samþjöppunaráhættu í hlítungarskýrslum og í tengslum við ársfjórðungslegar skýrslur til FME.

Sjóðurinn fylgist með samþjöppunaráhættu í ársfjórðungslegum áhættumælingarskýrslum fyrir sjóðinn í heild. Í áhættuáætlun fjárfestingarstefnu skal setja mörk á ásættanlega samþjöppunaráhættu.

2.2.3 LANDSÁHÆTTA

Hættan á að fjárfestingar lífeyrissjóðsins séu of tengdar einu landi eða landsvæði. Landsáhætta er víðtækari en pólitísk áhætta og nær til fjölmargra þátta sem einkenna einstök landsvæði, t.d. gjaldeyrisstefnu, hagvöxt, ríkisfjármál, átök á vinnumarkaði, borgarastríð eða stríð á milli nærliggjandi landa. Skattalegt umhverfi s.s. vegna mögulegrar tvísköttunar sem og samkeppnislöggjöf eru einnig þættir sem horft er til, ásamt almennu lagaumhverfi og verndun eignarréttar. Fjölmörg matsfyrirtæki bjóða upp á landsáhættumat og birta reglulega lista yfir lönd sem raðað er upp eftir áhættu.

Í stefnum einstakra undirsafna sjóðsins í erlendum fjárfestingum, eru sett mörk á heimildir til fjárfestinga á einstökum markaðssvæðum, þar sem m.a. eru takmarkanir á heimildum til fjárfestinga á svæðum utan þróðara markaða.

Fylgst er með landsáhættu með almennum fréttum af mörkuðum, upplýsingum í áhættuskýrslu og í tengslum við árlega CPIS könnun Seðlabanka Íslands þar sem teknar eru saman upplýsingar um landaskiptingu útgefenda erlendra verðbréfa.

Stærsta landsáhætta sem sjóðurinn býr við er áhætta á íslenska hagkerfið, en íslenskar eignir eru mjög stór hluti heildareigna. Vegna gjaldeyrishafta á sjóðurinn óhægt um vik að draga úr þessari áhættu. Fylgst er með hlutfallinu og reynt að hámarka áhættudreifingu með tilliti til þessarar áhættu eftir því sem tók eru á.

2.2.4 AFHENDINGARÁHÆTTA OG UPPGJÖRSÁHÆTTA

Hættan á að uppgjör viðskipta sé ekki í samræmi við fyrirmæli, t.d. vegna misskilnings vegna þess viðskiptafyrirmæli eru óskýr eða ef mótaðili afhendir ekki fjármálagerning eða greiðslu. Afhendingaráhætta er einnig skilgreind sem sú áhætta að eignir tapist vegna gjaldþrots (eða greiðslufalls) viðskipta eða vörsluaðila, þ.e. þegar eignir sjóðsins eru í vörslu 3ja aðila rýrast af þessum sökum.

Í tengslum við nýjar fjárfestingar í verðbréfasjóðum og samninga við vörsluaðila skal gera kostgæfniathugun á vörsluaðila og ganga úr skugga um að sérgreind söfn og eignir í verðbréfasjóðum séu fjárhagslega óháðar vörsluaðila og að vörsluaðili sé traustur.

2.3 FJÁRHAGSLEG ÁHÆTTA (MARKAÐSÁHÆTTA)

2.3.1 VAXTA- OG ENDURFJÁRFESTINGAÁHÆTTA

Hættan á að breytingar á vöxtum og lögum vaxtaferils leiði til lækkunar á virði skuldabréfa (sjá einnig verðbreytingaráhætta). Ef vextir hækka lækkar markaðsvirði skuldabréfaeignar hans. Ef skuldabréf eru ekki metin á markaðsvirði getur sjóðurinn þurft að innleysa gengistap við sölu á skuldabréfum sem keypt voru á lægri vöxtum.

Ef vextir lækka getur það leitt til lægri kaupkröfu nýrra skuldabréfa þegar núverandi skuldabréf eru á gjalddaga (endurfjárfestingaráhætta) eða eru greidd upp.

Fylgst er með þessari áhættu og tekið tillit til hennar við fjárfestingar. Áhættunni er stýrt með breytingum á líftíma skuldabréfa í eignasafninu og hlutfalli skuldabréfa af heildareignum. Þá er litið til möguleika á fjárfestingum í skuldabréfum með fasta eða breytilega vexti eftir því hvert vaxtastig á markaði er m.t.t. markmiðsávöxtunar sjóðsins. Einnig geta vaxtaskiptasamningar nýtst til að stýra þessari áhættu, enda sé mótaðilaáhætta ásættanleg.

2.3.2 UPPGREIÐSLUÁHÆTTA

Sum skuldabréf eru með uppgreiðsluheimild, sem felur í sér uppgreiðsluáhættu fyrir sjóðinn. Hættan er sú að skuldabréf verði greidd upp fyrir lokagjalddaga og að lífeyrissjóðurinn fái ekki þá ávöxtun sem gert var ráð fyrir við kaup bréfanna. Uppgreiðsluáhætta er nátengd vaxtaáhættu, þ.e. ef vextir lækka, eykst hættan á uppgreiðslu bréfa með slíka heimild. Samkvæmt reglum sem Félag íslenskra tryggingastærðfræðinga (FÍT) hefur gefið út er uppgreiðsluáhætta skilgreind sem líkur á að uppgreiðslur vaxi eftir því sem munur á vöxtum skuldabréfa og markaðsvöxtum er meiri. Þegar verðmæti uppgreiðsluhæfra skuldabréfa með föstum vöxtum er metið í tryggingafræðilegri úttekt skal samkvæmt 20. gr. reglugerðar nr. 391/1998 um skyldutryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða „taka tillit til þess til lækkunar mats í samræmi við reglur gefnar út af Félagi íslenskra tryggingastærðfræðinga“.

Þessari áhættu er stýrt þannig að reynt er að tryggja eðlilegt uppgreiðsluálag, ef fjárfest er í bréfum með uppgreiðsluheimild. Haldið er utan um upplýsingar um þessi bréf og fylgst með þróun þeirra. Upplýsingum um stöðu þeirra er miðlað til tryggingastærðfræðings og tillit tekið til þeirra við útreikning á tryggingafræðilegri stöðu.

2.3.3 VERÐBREYTINGARÁHÆTTA

Stærsta áhættan við fjárfestingar í markaðsverðbréfum eru breytingar á markaðsvirði bréfanna vegna hagþróunar og breytinga á viðhorfi markaðsaðila. Hætta er á lækkun markaðsvirðis verðbréfa með breytilegar tekjur, svo sem hlutabréfa og hlutdeildarskírteina verðbréfasjóða. Sama hætta er einnig fyrir hendi vegna verðbréfa með fastar tekjur, vegna almennra vaxtahækkana, breytinga á lögun vaxtakúrfu eða vaxtaálagi. Notaðir eru ýmsir mælikvarðar til að mæla markaðsáhættu s.s. VaR (e. Value at Risk, ísl. vágildi), flökt (staðalfrávik), beta, auk ýmissa hlutfalla sem geta bæði gefið til kynna breytingar á markaðinum í heild eða á einstökum eignaflokkum og eignum.

Tekið er tillit til þessarar áhættu við samsetningu eignasafna þar sem stuðst er við söguleg gögn, vænta ávöxtun, áhættu og sviðsmyndagreiningu (Monte-Carlo).

Fylgst er með mælikvörðum um þetta efni, bæði fyrir sjóðinn í heild, einstaka eignaflokka og einstök eignasöfn. Ef mælikvarðar benda til aukinnar áhættu er henni mætt með breytingum á eignasamsetningu bæði m.t.t. eignaflokka og einstakra eigna.

Einnig er möguleiki að nota afleiður til að verja eða draga úr áhættu af þessu tagi.

2.3.4 GJALDMIÐLAÁHÆTTA

Hættan á að breytingar á gengi gjaldmiðla gagnvart ISK rýri verðmæti eigna sjóðsins mælt í íslenskum krónum, en allar skuldbindingar sjóðsins eru í ISK. Samkvæmt 6. mgr. 36. gr. laga nr. 129/1997 skal lífeyrissjóður takmarka áhættu í erlendum gjaldmiðlum í heild við 50% af hreinni eign sjóðsins.

Þessari áhættu er hægt að stýra með framvirkum samningum og valréttum, þótt slíkt sé ekki hægt í dag sökum gjaldeyrishafta. Við núverandi aðstæður felst stýring þessarar áhættu í stýringu á hlutfalli erlendra eigna í eignasafni sjóðsins og hlutfalli annarra eigna sem sýna fylgni við gengi íslensku krónunnar.

Fylgst er með þessari áhættu í áhættuskýrslum og þar sem teknar eru saman upplýsingar um gjaldmiðladreifingu verðbréfaeignar, mæld er áhætta vegna gjaldmiðla og gerð grein fyrir þeim áhrifum sem þróun gjaldmiðla hefur haft á ávöxtun. Í tengslum við útreikninga á tryggingafræðilegri stöðu og árlega fjárfestingarstefnu eru settar upp sviðsmyndir fyrir breytingar á gengi krónunnar.

2.3.5 ÓSAMRÆMISÁHÆTTA

Hættan á ósamræmi í breytingum á markaðsverði eigna annars vegar og breytingum skuldbindinga hins vegar bæði vegna mismunandi líftíma og fjárstreymis. Dæmi um áhættuþátt af þessu tagi er verðtrygging. Lífeyrisréttindi eru að fullu verðtryggðar skuldbindingar, en eignasafn er aðeins verðtryggt að hluta.

Til að stýra þessu reynir sjóðurinn að setja saman viðmið vegna fjárfestinga sinna, sem tekur mið af áætlaðri þróun skuldbindinga. Verulegur munur mun þó ávallt verða á líftíma eigna og skuldbindinga og á verðtryggingu eigna og skuldbindinga sem gerir það að verkum að sjóðurinn þarf að horfa til þessarar áhættu bæði til skamms og langs tíma.

Sjóðurinn grófflokkar eignir sínar í tryggingaeignir og ávöxtunareignir. Tryggingaeignir eru öruggari eignir og er við það miðað að þær nái að mæta skuldbindingum við flestar markaðsaðstæður þegar

horft er til 1-3ja ára. Ávöxtunareignir eru áhættusamari eignir, sem ætlað er að bæta ávöxtun sjóðsins til lengri tíma litið (+ 5 ára tímabil) og er stefnt að því að þær ávaxtist betur en nemur vexti skuldbindinga.

Fylgst er reglulega með þróun eigna og skuldbindinga til að stýra þessari áhættu. Einnig eru álagspróf eða næmnipróf gerð til að leiða út hvernig ósamræmi eigna og skuldbindinga getur haft áhrif á framtíðarþróun, m.a. með því að meta næmni eigna og skuldbindinga fyrir breytingum á vöxtum, verðbólgu og öðrum þáttum sem eru sameiginlegir í báðum tilvikum.

2.3.6 VERÐBÓLGUÁHÆTTA

Hættan á að verðbólga valdi hækkun á lífeyrisskuldbindingum umfram ávöxtun óverðtryggðra eigna. Verðbólguáhætta, er ásamt vaxtaáhættu stærsta fjárhagslega áhættan í rekstri lífeyrissjóða. Verðbólguáhættu er hægt að stýra með hlutfalli verðtryggðra eigna af heildarsafni sjóðsins og fjárfestingu í eignum sem hafa fylgni við verðbólgu (eru góð verðbólguvörn). Verðbólguáhættu má einnig verja með afleiðum.

Reglulega er fylgst með verðbólguáhættu m.a. með því að fylgjast með verðbólguþáttum og bregðast við þeim í fjárfestingum eins og skynsamlegt er talið á hverjum tíma. Í áhættumælingarskýrslum er gerð grein fyrir hlutfalli þeirra eigna sem eru verðtryggðar með beinni tengingu við vísitölu neysluverðs og hvernig verðbólga hefur áhrif á eignir sjóðsins og skuldbindingar. Einnig er reynt að meta næmni eigna fyrir breytingum á verðbólgu.

2.3.7 ÁHÆTTUR VEGNA SKULDBINDINGA UTAN EFNAHAGS

Hættan á að atriði sem ekki eru hluti af eiginlegum efnahagsreikningi hafi neikvæð áhrif á hag sjóðsins. Sjóðurinn á ekki eignir sem eru utan efnahags, hins vegar eru lífeyrisskuldbindingar sjóðsins, sem er stærstur hluti skuldbindinga hans, utan efnahags í hefðbundnu uppgjöri. Þessar skuldbindingar eru metnar í tryggingafræðilegum uppgjörum, sem gerð eru í tengslum við ársuppgjör sjóðsins. Innan ársins eru tryggingafræðileg uppgjör framreiknuð og/eða ný mót framkvæmd eftir atvikum til að fylgjast með þróun skuldbindinga. Einnig eru gerð sérstök álagspróf til að leggja mat á mögulega þróun í þessu efni.

Fyrir utan lífeyrisskuldbindingar eru skuldbindingar vegna framtaksfjárfestinga stærstu skuldbindingar utan efnahags. Reglulega er fylgst með þessum upplýsingum, með gerð sjóðsstreymisáætlana af framtakssjóðafjárfestingum. Í áhættuskýrslum í lok árs er lagt mat á hve stór hluti skuldbindinga er líklegur til að koma til greiðslu á næstu 1-3 árum og er mið af því tekið við ákvarðanir um fjárfestingar.

2.4 REKSTRARÁHÆTTA

2.4.1 STARFSMANNAÁHÆTTA

Starfsmannaáhætta getur falist í að mikilvægir starfsmenn hverfa á braut; í veikindum starfsmanna; að starfslíð sé of fámennt; að afleysingum sé ekki sinnt sem skyldi; að starfsmenn séu óánægðir við vinnu sína; í vanhæfni starfsmanna eða vankunnáttu, þ.m.t. í skorti á sérfræðipækkingu eða menntun og þjálfun; að ráðningaferlar, starfslýsingar eða verkferlar séu óljósir eða ófullnægjandi og í raun í öllu sem lýtur að tjóni eða ófullnægjandi árangri, sem rekja má til starfsmanna sjóðsins.

Skýr starfs- og ábyrgðarsvið, starfslýsingar og verkferlar; setning reglna um mismunandi þætti starfseminnar; reglubundin fundahöld með starfsmönnum; virkt stjórnendaeftirlit, starfsmannasamtöl, sérstakir starfsdagar; að stuðla að þátttöku í líkamsrækt, sérstakir mannfagnaðir starfsmanna og þjálfun og námskeiðahald eru allt aðgerðir sem sjóðurinn beitir til að draga úr slíkri

áhættu. Sjóðurinn leggur áherslu á góðan og jákvæðan starfsanda, að sjóðurinn sé eftirsóknarverður vinnustaður, boðleiðir séu stuttar og að strax sé brugðist við vandamálum sem lúta að starfsmönnum og velferð þeirra.

2.4.2 ÁHÆTTA VEGNA SVIKA

Hætta á svikum sem valda sjóðnum og sjóðfélögum hans fjárhagslegu tjóni eða rýra orðspor sjóðsins. Bæði getur verið um að ræða sviksemi af hálfu starfsmanna sjóðsins og utanaðkomandi aðila. Sviksemi getur verið af ýmsum toga s.s. brot á lögum eða reglum, skemmdir eða misnotkun eigna eða aðstöðu, þjófnaður, fölsun, yfirhilmung, vísitandi röng upplýsingagjöf, misnotkun innherjaupplýsinga, innbrot þ.m.t. tölvuinnbrot, peningabætti o.s.frv.

Til að draga úr áhættu vegna sviksemi eða mistaka leggur sjóðurinn áherslu á að stjórnendur leiði með góðu fordæmi, starfsandi sé góður og áhættumening innan sjóðsins sé heilbrigð og tryggi góða meðvitund um mögulegar hættur í þessu efni. Sjóðurinn leggur áherslu á regluleg fundahöld starfsmanna, samvinnu og notkun teymisvinnu við úrlausn verkefna, góða aðgreiningu starfa, skýr starfs- og ábyrgðarsvið og öflugar aðgangsstýringar að upplýsingakerfum og starfsstöðvum og vernd upplýsinga og góðan rekjanleika aðgerða.

Til að draga úr þessari áhættu hefur sjóðurinn sett sér öryggisstefnu, sem m.a. tekur til öryggis og aðgengis að starfsaðstöðu sjóðsins, vernd og aðgengi að upplýsingakerfum, vernd og vörslu eigna hans og þeirra gagna og upplýsinga sem hann vinnur með og lætur frá sér. Áhersla er lögð á nákvæma og tímanlega úrvinnslu og skráningu gagna, þ.m.t. um allar fjárhagsupplýsingar, afstemmingar séu tímanlega unnar og yfirfarnar og verðmatsupplýsingar séu traustar og tímanlegar og gefi sem réttasta mynd á hverjum tíma. Sjóðurinn hefur einnig komið upp leiðum til að koma kvörtunum á framfæri og sett reglur um uppljóstranir.

Sérstakur öryggisstjóri hefur verið skipaður til að hafa eftirlit með framkvæmd stefnunnar (B25).

2.4.3 ÁHÆTTA VEGNA UPPLÝSINGAKERFA

Hættan á að upplýsingakerfi, bæði vél- og hugbúnaður, sé ekki að nægjanlega góðum gæðum bæði m.t.t. uppítíma, bilana, afkasta og úrræða. Þau séu ekki nægjanlega vel varin, aðgengi nægjalega takmarkað og rekjanlegt, umgengni sé ekki nægjalega traust og skipuleg o.s.frv. sem leiða kann til tjóns eða ófullnægjandi árangurs í starfi sjóðsins.

Sjóðurinn hefur sett sér upplýsinga- og öryggisstefnu þar sem m.a. er reynt að tryggja að upplýsingakerfi sjóðsins standist kröfur og viðurkennda staðla um upplýsingaöryggi, uppfærslur, varnir og aðgengi sé með traustum og skipulögðum hætti. Upplýsingaöryggisstefna sjóðsins er hluti af öryggishandbók (B25) þar er kveðið á um öryggisráðstafanir til að tryggja upplýsingaöryggi og neyðarstjórnun til að tryggja órofinn rekstur upplýsingakerfa.

Sérstakur öryggisstjóri hefur verið skipaður til að hafa eftirlit með framkvæmd stefnunnar og áhættustjóri hefur sérstakt eftirlit með virkni kerfa og aðgengi að þeim.

2.4.4 ORÐSPORSÁHÆTTA

Hættan á fjárhagslegu tjóni til lengri eða skemmri tíma vegna þess að orðspor sjóðsins og/eða lífeyrissjóða almennt hefur beðið hnekki. Orðsporsáhætta tengist öðrum áhættum og eykur líkur á tjóni vegna þeirra. Slæmt orðspor hefur áhrif á viðhorf almennings, fjölmiðla, sjóðfélaga og viðskiptaaðila til sjóðsins og þar með á möguleika hans til að halda í og afla nýrra sjóðfélaga og viðskipta.

Má í þessu efni benda á áhættur eins og iðgjaldaáhættu, réttindaflutningsáhættu, lausafjárahættu og jafnvel einnig áhættur vegna starfsmanna og mögulegar sviksemi.

Erfitt er að mæla orðsporsáhættu er nauðsynlegt er að taka tillit til hennar á öllum sviðum í rekstri sjóðsins. Orðsporsáhættu er fyrst og fremst stýrt með því gera starfsmenn og stjórnarmenn meðvitaða um hana, fjalla um hana í tengslum við starfsemi og ákvarðanir og skipuleggja viðbrögð vegna atburða sem taldir eru geta skaðað orðspor sjóðsins. Kynningar- og upplýsingafulltrúi starfar nú hjá sjóðnum sem á að tryggja aukið gagnsæi, upplýsingagjöf og fræðslu um starfsemina sem einnig er ætlað draga úr orðsporsáhættu. Settar hafa verið reglur um samskipti við almenning og fjölmiðla í starfsreglum stjórnar (B2) og siðareglum sjóðsins (B4).

2.4.5 PÓLÍTÍSK ÁHÆTTA, LÖG OG REGLUR

Áhættan af því að aðgerðir eða aðgerðaleyfi stjórnvalda auki lífeyrisbyrði sjóðsins, auk annarra neikvæðra áhrifa sem óvissa um mögulegar stjórnvaldsaðgerðir kann að skapa. Undir þetta falla breytingar á lögum eða reglum um starfsemina eða túlkun gildandi laga sem valda verulegum breytingum á starfseminni. Þetta kunna t.d. að vera breytingar á lögum um lífeyrissjóði, uppgjorsreglum, skattalögum, eða lögum um aðra aðila sem hafa áhrif á starfsemi sjóðsins, breytingar á eftirliti og eftirlitsreglum, heimildum til fjárfestinga o.s.frv. Undir þessa áhættu flokkast yfirleitt einnig tjón sem kann að verða vegna þrýstings frá stjórnvöldum, félagasamtökum, þrýstihópum eða öðrum aðilum sem geta haft neikvæð áhrif á starfsemina, t.d. orðspor hennar, eða dregið úr möguleikum sjóðsins á að haga sínum málum eftir eigin stefnu. Erfitt er að setja mælikvarða á pólitíska áhættu, en mikilvægt að fylgjast með þróun mála og reyna að draga úr mögulegum neikvæðum áhrifum sem breytingar af þessu tagi hafa á hag sjóðfélaga í sjóðnum.

2.4.6 REGLU- OG HLÍTINGARÁHÆTTA

Hættan á að starfsemi sjóðsins uppfylli ekki ákvæði laga, reglugerða eða opinberra fyrirmæla sem honum ber að fara eftir. Einnig falla hér undir áhættur vegna brota á eigin samþykktum og stefnu, sem og á samningum (samningsáhætta), vegna ófullnægjandi samnings- og skjalagerðar (skjalaáhætta), ófullnægjandi undirbúnings dómsmála o.þ.h. sem leiða kann til tjóns fyrir sjóðinn. Hér má einnig nefna niðurstöður dómsstóla sem hafa áhrif á lagaframkvæmd eða skiling á samningum þ.m.t. á gildi þeirra og formskilyrði, aðgerðir stjórnvalda s.s. þegar túlkun laga eða annarra réttarheimilda er breytt eða hún er með öðrum hætti en sjóðurinn hafði gert ráð fyrir. Þetta tekur einnig til hættu á mögulegum refsiaðgerðum s.s. beitingu sekta eða févíta. Lagaáhætta er náskyld pólitískri áhættu og verður á stundum ekki aðgreind frá henni.

Til að draga úr lagalegri áhættu vinnur sjóðurinn reglulegar hlítingarskýrslur, þar sem könnuð er hlíting starfseminnar við lög, reglur og eigin stefnu. Lagaleg efni eru einnig tekin fyrir þegar ýmis verkefni eru unnin s.s. við undirbúning fjárfestinga, innheimtur, úrskurð lífeyris o.s.frv. til að tryggja hlítingu við réttar reglur. Þá túlkar sjóðurinn sjálfur lög og reglur og nýtir lögfræðilega aðstoð í því skyni. Regluleg og góð upplýsingagjöf, bæði milli starfsmanna og milli starfsmanna og stjórnar um þá þætti sem hér koma til álita er mikilvæg, sem og samskipti við lögmenn sjóðsins og eftirlitsaðila.

2.4.7 ÚRSKURÐARÁHÆTTA LÍFEYRIS

Hætta á að lífeyrisúrskurðir séu ekki samkvæmt samþykktum. Rangir lífeyrisúrskurðir geta leitt til endurkrafna og skaðað orðspor. Stærri kerfisbundnar villur geta leitt til rangrar myndar af stöðu sjóðsins. Hluti úrskurðaráhættu er fólgin í túlkun á samþykktum sjóðsins og þeim vinnureglum sem hann kemur sér upp við lífeyrisúrskurði.

Til að lágmarka áhættu á villum er beitt samræmdu verklagi (verkferill) við lífeyrisúrskurði og notuð sérhæfð úrskurðarkerfi, sem sækja upplýsingar rafrænt inn í gagnagrunna og minnka þannig

villuhættu. Túlkanir og vinnureglur eru settar niður skriflega og breytingar á þeim þurfa samþykki stjórnar eða framkvæmdastjóra við.

Til að lágmarka hættu á að lífeyrisúrskurðir séu ekki samkvæmt samþykktum yfirfer lífeyrisnefnd alla lífeyrisúrskurði hjá sjóðnum áður en þeir koma til greiðslu og staðfestir niðurstöðu þeirra. Árlega velur áhættustjóri úrtak lífeyrisúrskurða og fer yfir þá með lífeyrisnefnd til að sannreyna að ekki sé um kerfisbundnar villur í úrskurðum lífeyris að ræða. Þá eru reglulega keyrðar sérstakar keyrslur, sem bera saman réttindi og lífeyri skv. lífeyrisúrskurðum til að sannreyna réttleika þeirra. Komi fram frávik fer lífeyrisnefnd sértaklega yfir þau tilvik ásamt áhættustjóra.

Ef réttindakerfi sjóðsins er breytt þá eykst úrskurðaráhættan í fyrstu. Mikilvægt er að breytingar á réttindakerfi og yfirfærsla í það sé vel skipulögð og framkvæmd eftir ítarlegar prófanir og samanburð við fyrra kerfi. Eins krefjast breytingar á réttindakerfi þess að starfsmenn á lífeyrissviði þurfa að yfirfara og e.t.v. setja sér nýjar verklagsreglur við úrskurð lífeyris.

2.4.8 ÁHÆTTA VEGNA ÚTHÝSINGAR

Hættan á að úthýsing leiði til tjóns fyrir sjóðinn. Ástæður úthýsingar einstakra starfsþátta geta verið margs konar, s.s. að sérþekking sé ekki til staðar innanhúss eða að talið sé óhagkvæmt að koma henni upp eða að öryggi sé betur tryggt með úthýsingu. Stundum er verkefni úthýst að hluta, til að fá samanburð eða samkeppni við eigin starfsemi. Algengustu ástæður úthýsingar eru þó hagrænar, þ.e. til að draga úr kostnaði. Úthýsingu fylgir ýmiss konar áhætta sem hafa þarf í huga, s.s.:

- minni yfirsýn,
- minni aðgangur að verkferlum og skipulagi,
- úthýsingaraðili uppfyllir ekki samninga,
- starfsmenn úthýsingaraðila lúta ekki boðvaldi eða verkstjórn sjóðsins, þótt þeir gegni mikilvægum störfum fyrir hann,
- hæfni starfsmanna úthýsingaraðila er ófullnægjandi,
- fjárhagsstaða úthýsingaraðila er ófullnægjandi, ekki er nægjanlegt eftirlit með starfsemi úthýsingaraðila og tók á slíku eftirliti eru takmörkuð,
- samningar taka ekki á gjaldþroti úthýsingaraðila,
- uppsagnarfrestur er ekki nægilega skýr þegar úthýsingaraðili er ekki að standa sig,
- áætlanir um rekstrarsamfellu hafa ekki verið gerðar til að tryggja rekstrarsamfellu ef úthýsingaraðili stendur ekki við skuldbindingar sínar eða árangur hans er ófullnægjandi,
- áætlanir úthýsingaraðila um rekstrarsamfellu og viðbrögð við áföllum hafa ekki verið könnuð,
- úthýsingaraðili misfer með trúnaðarupplýsingar t.d. með því að veita aðilum aðgang að gögnum sjóðsins án þess að sjóðurinn hafi veitt heimild til þess,

Helstu upplýsingakerfi og gagnagrunnar sjóðsins eru vistuð hjá þjónustuaðilum. Í þjónustusamningum við þess aðila eru ákvæði er lúta að trúnaði og öryggismálum. Æskilegt er að þessir aðilar hafi öryggisvottun, þannig að vottunaraðilar hafi eftirlit með því að starfsemi viðkomandi aðila sé í samræmi við staðla. Á það bæði við um vélbúnað, vinnslu og vistunarrými, hugbúnað og uppfærslur á honum og aðgengi að kerfum og gögnum og vistun þeirra, þ.m.t. öryggisafritun.

Sjóðurinn hefur sett sér öryggisstefnu, sem m.a. tekur til upplýsingakerfa og upplýsingaöryggis, þar sem settar eru fram kröfur um öryggi og rekstur upplýsingakerfa. Í samningum við úthýsingaraðila

eru settar fram kröfur um að farið sé eftir viðurkenndum stöðlum og fyrir hendi sé vottun eða að skilað sé svokallaðri ISAE 3402 skýrslu.

Áhætta af rekstri upplýsingakerfa er metin a.m.k. árlega og auk þess í tengslum við breytingar sem skipta máli fyrir upplýsingaöryggi eða ef einhver atriði koma upp sem talin eru þurfa frekari skoðunar við. Framkvæmd er sérstök tölvuendurskoðun hjá sjóðnum árlega þar sem skilað er skriflegum niðurstöðum. Þar er farið er yfir virkni og öryggi upplýsingakerfa, aðgangsmál ofl. þar sem greint er hvaða áhættum þarf helst að fylgjast með og hvort rétt sé að gera einhverjar breytingar. Niðurstaða áhættugreiningarinnar er skjalfest.

2.4.9 UPPLÝSINGAÁHÆTTA

Hættan á að upplýsingar sem sjóðurinn lætur frá sér séu rangar, hann hafi ekki heimild til að láta þær í té, þær gefi villandi mynd eða leiði til ákvarðanatöku sjóðfélaga á röngum forsendum.

Upplýsingar eru mikilvægar fyrir starfsemi sjóðsins þannig að hann geti gegnt hlutverki sínu. Sjóðurinn safnar því, vinnur og geymir mikið magn upplýsinga. Sjóðurinn skal vernda þessar upplýsingar á hagkvæman og viðeigandi hátt og tryggja að enginn óviðkomandi hafi aðgang að upplýsingum sjóðsins, þær séu ekki afhentar óviðkomandi og að upplýsingarnar séu réttar og aðgengilegar fyrir þá sem þurfa að nota þær. Allir starfsmenn sjóðsins hafa undirritað trúnaðaryfirlýsingu og hafa kynnt sér ákvæði um trúnað í öryggisreglum sjóðsins. Þá ber stjórnarmönnum að halda trúnað í samræmi við reglur sjóðsins og eðli máls.

Tryggja skal, eins og frekast er kostur að upplýsingar sem sjóðurinn sendir frá sér séu nákvæmar, réttar og viðeigandi. Í samskiptum sínum við sjóðfélaga skal sjóðurinn kappkosta að veita sem besta þjónustu og gæta almennrar kurteisi í öllum samskiptum. Starfsmenn skulu eftir fremsta megni veita upplýsingar sem eru réttar og nákvæmar. Ef leitað er eftir ráðgjöf hjá sjóðnum skal gera viðtakanda ráðgjafar grein fyrir því að ráðgjöf byggist á mati, sem getur reynst rangt og það er á ábyrgð viðkomandi einstaklings hvort farið er eftir ráðgjöfinni.

Kynningarefni og auglýsingar frá sjóðnum skulu innihalda réttar og nákvæmar upplýsingar. Þegar gefnar eru fjárhagsupplýsingar skal lögð áhersla á að jafnvægi sé í umfjöllun þannig að getið sé bæði um ávinning og áhættu. Komast skal hjá villandi upplýsingum eða framsetningu sem getur valdið misskilningi. Mikilvæg atriði skulu ekki vera í smáu letri neðanmáls og mögulegri áhættu skal eðlilegur gaumur gefinn. Reynt skal að komast hjá því að skapa óraunhæfar væntingar eða setja fram staðhæfingar sem gætu valdið misskilningi. Allt kynningar og auglýsingaefni skal vera snyrtilegt og rækilega merkt sjóðnum.

Samkvæmt 3. mgr. 18. gr. laga nr. 129/1997 um lífeyrissjóði skal senda sjóðfélögum yfirlit um iðgjaldagreiðslur eigi sjaldnar en á hálfis árs fresti. Yfirliti þessu skal fylgja áskorun til sjóðfélaga um að gera án tafar athugasemdir ef sannanlega innheimt iðgjöld hafa ekki borist sjóðnum. Fáir sjóðfélagar þessi yfirlit ekki reglulega eða ef upplýsingar eru rangar í yfirlitum getur það skapað tjónsábyrgð vegna sjóðfélaga sem ekki gátu brugðist við innan tímaramma laga um ábyrgðasjóð launa. Þá kunna rangar upplýsingar um samsetningu séreignaleiða eða fjárfestingastefnu þeirra að valda sjóðnum tjóni og ímyndarskaða.

Vandlega er farið yfir allt efni, sem sjóðurinn sendir frá sér og settar hafa verið vinnureglur um hvernig upplýsingar eru sendar frá sjóðnum þ.m.t. sérstakar reglur um upplýsingagjöf til sjóðfélaga (B28), sem og siðareglur (B4) þar sem einnig er vikið að þessum atriðum. Áhættustýring felst m.a. í eftirliti með því að farið sé að settum reglum í þessu efni.

3 FRAMKVÆMD ÁHÆTTUSTÝRINGAR

Áhættustýring hjá sjóðnum skal vera skipulögð og virk, tryggja fagleg vinnubrögð og nauðsynlegt eftirlit. Áhættustýring á að vera eðlilegur og óaðskiljanlegur hluti af starfsemi sjóðsins og stjórnarháttum á öllum sviðum. Öll framkvæmd áhættustýringar á að endurspeglar þessi sjónarmið.

Niðurstöður áhættustýringar á að nýta við ákvarðanatöku og skipulagningu starfseminnar og stuðla þannig að góðum rekstrarárangri með ásættanlegri áhættu. Skilgreina á formlega verkferla og eftirlitsaðgerðir, þar sem áhætta er mæld og metin og niðurstöður eru nýttar til að bregðast við, ef ástæða er talin til.

Mikilvægur þáttur virkrar áhættustýringar er að meta árangur hennar.

Auk þeirrar áhættustefnu sem hér er lýst hefur sjóðurinn sett sér sérstaka öryggishandbók (B25) sem er hluti af áhættustefnu sjóðsins. Í árlegri fjárfestingarstefnu (C19) setur sjóðurinn sér töluleg viðmið um áhættu, staðalfrávik, vágildi og líkindi á skerðingu.

3.1 FYRIRBYGGJANDI OG VIRK ÁHÆTTUSTÝRING

Fjárfestingum og raunar allri starfsemi fylgir áhætta. Til að ná markmiðum sínum þarf sjóðurinn að taka áhættu. Áhættustýring felst í því að stýra áhættu þannig að hún verði innan þeirra marka sem starfseminni hefur verið sett.

Viðmiðunarvísitala er skilgreind fyrir sjóðinn og er ávöxtun hennar borin saman við ávöxtun sjóðsins mánaðarlega. Við stýringu á eignum sjóðsins er tekið mið af viðmiðunarvísitölu. Val á vísitölu er því hluti af áhættustýringu og áhættumarkmiðum sjóðsins og er nánar um það fjallað í viðauka 5 hér á eftir.

Sjóðnum hafa verið sett áhættumarkmið og eftirlitsaðgerðir hafa verið skilgreindar. Með virkri áhættustýringu er reynt að tryggja eins og frekast er kostur að farið sé eftir réttum reglum og að áhætta sé innan samþykktra marka. Markmið með mælingum og eftirlitsaðgerðum er að óæskileg áhætta sé greind snemma og við henni brugðist áður en hún hefur neikvæð áhrif. Yfirlit yfir eftirfylgni með fjárfestingum má sjá í viðauka 6.

3.2 ÁHÆTTUSKRÁR OG ÁHÆTTUDAGSKRÁ

Niðurstaða áhættuflokkunar og áhættugreiningar er færð í sérstaka skrá – áhættuskrá. Áhættuskráin er yfirlit yfir allar stærri áhættur sem áhættustýring fylgist reglulega með eða áhættu viðmið sem líklegt er talið að reyni á, jafnvel þótt tjón sé talið óverulegt. Í áhættuskrá í viðauka 2 er yfirlit yfir helstu áhættuflokka og mat á mikilvægi þeirra, þar sem tekið er tillit til mögulegra áhrifa á tryggingafræðilega stöðu, hversu virk áhættan er og möguleika sjóðsins til að stýra áhættunni. Einnig er í áhættuskránni yfirlit yfir þær reglur sjóðsins, skýrslur og kannanir er lúta að helstu áhættuflokkum.

Yfirlit yfir skýrslur og kannanir sem sjóðurinn framkvæmir í samræmi við lög, reglur sjóðsins og áhættustefnu er í viðauka 1, þar er tilgreindur áhættuflokkur eftirlitsaðgerðar, tíðni skýrslugjafar og ábyrgðarmaður. Útbúin er sérstök áhættudagskrá (viðauki 3), þar sem eftirlitsaðgerðir úr viðauka 1 eru tilgreindar (skýrslur og kannanir) og sett fram yfirlit yfir í hvaða mánuði eftirlitsaðgerð er framkvæmd. Yfirlitið sýnir lágmarksmælingar, en mögulegt er að aukaúttektir bætist við yfir árið.

3.3 SKÝRSLUGJÖF

Skýrslugjöf er mikilvægur hluti áhættustýringar. Sjóðurinn hefur sett sér reglur um skýrslugjöf til stjórnar, auk margháttaðra innri skýrslna sem útbúnar eru. Skýrslurnar eiga að gefa stjórn, stjórnendum og þeim starfsmönnum sem um ræðir greinargóðar upplýsingar um árangur og áhættu í starfseminni. Mikilvægt er að skýrslur séu unnar um öll þau mál sem mikilvægt er að fylgjast með, að þær séu unnar reglubundið, séu nákvæmar, áreiðanlegar og upplýsandi og unnar tímanlega til að nýtast sem eftirlitstæki. Auk skýrslna sem unnar eru fyrir stjórnendur um einstaka þætti í starfseminn skilar sjóðurinn skýrslum til opinberra aðila s.s. til Fjármálaeftirlits og Seðlabanka, sem eru hluti af opinberu eftirliti með starfsemi sjóðsins.

Sérstakar skýrslur eru unnar vegna áhættustýringar og er mikilvægt að þær nái til allra sviða áhættustýringar. Skýrslur þurfa að tryggja að stöðugt eftirlit sé haft með heimildum og takmörkunum, að mælingar, mat og upplýsingagjöf sé reglubundin og tímanleg, að viðeigandi upplýsingar séu færðar í skýrslur og að skýrslum sé komið til ábyrgðaraðila tímanlega og á skýru og málefnalegu formi. Sérstaklega er mikilvægt að upplýsingar um brot á takmörkunum eða heimildum séu upplýstar eins fljótt og nokkur kostur er, þannig að yfirboðarar fá vitneskju um slíka hegðun án tafar og geti brugðist við henni.

Fylgst er með hvort viðeigandi skýrslur eru tímanlega unnar og skilað til réttara aðila og að efni þeirra sé takið til umfjöllunar.

Yfirlit yfir reglulegar skýrslur, kannanir og innihald þeirra er í viðauka 1.

3.4 HLÍTINGARSKRÁ

Sjóðurinn hefur sett sér sértaka eftirlits og hlítingarskrá (B8), þar sem eftirlitsaðgerðum er lýst þ.m.t. tilgangi þeirra og hver er ábyrgðaraðili. Í skránni er gerð grein fyrir hverri og einni eftirlitsaðgerð í sérstöku eftirlitsskipulagi.

Sérstakar hlítingarskýrslur eru unnar reglulega hjá sjóðnum. Í þeim er skoðað hvort starfsemi sjóðsins er í samræmi við lög og reglur, bæði opinberar og þær sem sjóðurinn hefur sett sér sjálfur, þ.m.t. í fjárfestingarstefnum bæði fyrir sjóðinn í heild og undirsöfn. Í skýrslunum er sérstaklega vikið að frávikum og viðbrögðum við þeim. Hlítingarskýrslur eru lagðar fyrir stjórn. Hlítingarskýrslur eru mikilvægt tæki bæði fyrir stjórn og starfsmenn til að fylgjast með því hvort starfsemi sjóðsins sé í samræmi við stefnu og þær reglur sem honum ber að hlíta. Hún nýtist einnig vel fyrir innri endurskoðendum og endurskoðunarnefnd. Hlítingarskrá nýtist einnig sem gátlisti í innra eftirliti sjóðsins.

UNDIRRITUN STJÓRNAR

Akureyri, 14. mars 2016